



Hríseyjarviti

Árum hafa lifað af kaldan vetrargustinn og nú er kominn visir að einum minnsta runna sem um getur í íslenskri vitasögu.

Árið 2010 dvaldi þýski listamaðurinn Fiete Stolte einn á vitanum í um viku tíma og vann að mjög áhugverðu verki sem fjallaði um nýjan 21 klst. sólarhring. Verkið var röð ljósmynda sem hann tók með jöfnu millibili úr turni vitans skömmu eftir sumarsólstöður og var verkið til sýnis á samsýningu í Listasafni Reykjavíkur 2011 sem kallaðist „Án áfangstaðar“. Sumrin 2011 og 2012 voru tvær skipulagðar sýningar og gekk sú fyrri undir því nafni að vera faldasta listasýning heims. Undir sýningarstjórn Lilju Birgisdóttur og Söru Riel voru þar verk fjölda listamanna af bæði yngri og eldri kynslóð til sýnis, bæði úti og inni. Boðið var til sérstakrar opunar fyrir göngufólk. Þátttakendur voru á þriðja tug listamanna, t.d. Ólöf Nordal, Haraldur Jónsson, Bjargey Ólafsdóttir, Lóa Hjálmtýsdóttir, Goddur, Chooc ly Tan, Lucy Beaugard, Erling Klingenberg, Anna Rún Tryggvadóttir, Daniel Björnsson, Davíð Örn Halldórsson, Hugleikur Dagsson og Hrafnhildur Steindórsdóttir svo fáeinir séu upptaldir. Sumarið 2012 var myndlistamaðurinn Hrafnkell Sigurðsson einhvers konar gestalistamaður og vann að sýningu sem opnaði á sumarsólstöðum. Sýninguna vann Hrafnkell einsamall í faðmi náttúrunnar og gerði það sem kannski marga vita dreymir um, - að listamaður vinni úr umhverfi þess og efni sem er á staðnum og bjóða svo gestum upp á þessi sérstöku hugrif þar sem náttúra og næmt auga listamannsins mætast. Ásamt Ólafi Jónassyni voru það þær Kristín Gunnarsdóttir og Edda Kristín Sigurjónsdóttir sem áttu veg og vanda að undirbúningi sýningarinnar og ekki stóð á aðsókn. Fjöldi manns lagði leið sína yfir fjallið frá Skálavík bæði á opnunina og fram í lok júlí þegar sýningunni formlega lauk. Boðið var upp á svefnpokapláss og það var sérstök ánægja vitans að efla samskipti og samgang við bæði samfélag listamanna og náttúrunnendur.

Auk sýninganna heimsóttu fastagestir vitann á sl. árum, t.d. hinir frábæru tónlistarmenn úr Múm ásamt gestum þeirra og afraksturinn var útgáfa á jóladiski fyrir jólin 2012. Á disknum, sem er styrktarútgáfa fyrir vitann og verður líka fánlegur fyrir næstu jól, og næstu og næstu, er safn 6 jólalaga, þar af eitt frumsamið. Auk framlags tónlistarmannanna Gunnars Tynes, Sigurlaugar Gísladóttur, Guðmundar Óskars Guðmundssonar og Snorra Helgasonar lögðu þær Hilda Gunnarsdóttir og Sara Gilles til matar- og kökuuppskriftir sem fylgja disknum.

Það er því ekki ónýtt fyrir vitann að eiga trausta vini og án efa mun mannlífið á Galtarvita vera eins fjölbreytt og skemmtilegt og verið hefur og framtíðaráform eru ekki af verri endanum. Það er ekki aðeins að litla, gamla fjósinu á staðnum er ætlað það hlutverk að vera verkstæði og vinnuástaða fyrir listamenn, heldur í ljósi þess að heimsóknnum göngufólks hefur fjölgað ár frá ári og staðurinn því ekki aðeins listamannánýlenda, er ætlað að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn almennt. Bæði tjaldstæði og án þess að lofa upp í ermina á sér mun vitinn bjóða upp á gufubaðstaðstöðu næstkomandi sumar. Einhvers konar „vita-sauna“ fyrir ferðalúðið göngufólk jafnt sem vinnusama á staðnum. Það er því sönn ánægja að segja frá því að eftir aldarlanga sögu sem útvörður og leiðarljós skipa og þar sem stundaður var hefðbundinn búskapur að íslenskum sið er nú á Galtarvita stundaður búskapur andans.

Heimasíða vitans er [www.galtarviti.org](http://www.galtarviti.org).



Fréttabréf

# Íslenska Vitafélagið

2. töl 2013

- félag um íslenska strandmenningu

RITSTJÓRN: SIGRÚN KLARA HANNESDÓTTIR, SIGURBJÓRG ÁRNADÓTTIR

## Ágæti lesandi

Fyrir tíu árum ákvað lítill hópur fólks að stofna íslenskt strandmenningarfélag. Eftir nokkrar vangaveltur ákvaðu stofnfélagar sem voru um 60 að tölu að félagið fengið heitið Íslenska vitafélagið - það hlyti að vekja eftirtekt. Vitinn væri vörður lífs og fengi nú það hlutverk að auki að standa vörð um íslenska strandmenningu. Svo varð einnig raunin. Fyrstu árin voru félagsmenn kallaðir heil-vitar, hálf-vitar eða vit-leysingjar og ef minnst var á strandmenningu þá kvað við mikill hlátur og spurt var hvort við værum virkilega svo fávís að halda að við Íslandsstrendur væri hægt að koma upp sólbaðsstöðum. Í huga fólks þýddi orðið strandmenning einfaldlega sólbað, sólolíu og veigar í glasi á suðrænum ströndum. Strandmenning er nýyrði sem félagið hefur lagt áherslu á að kynna í allri sinni starfsemi.

Á meðal stofnfélaga Vitafélagsins voru Fornleifavernd og Húsafríðunarnefnd, sem nú hafa verið sameinaðar í Minjastofnun Íslands, Siglingastofnun, Síldarminjasafnið og Þjóðminjasafnið auk einstaklinga. Síðan hafa bæst við atvinnuþróunarfélög, söfn og félög auk fjölda einstaklinga. Frá upphafi var meginmarkmið félagsins að efla vitund Íslendinga um þau miklu menningarverðmæti sem liggja í og við strendur landsins en jafnframt að taka þátt í samstarfi skyldra félaga í nágrannalöndunum. Nokkrum mánuðum eftir stofnfund félagsins tók formaður þess þátt í norrænni ráðstefnu um vita og strandmenningu sem haldin var í Noregi. Auk formannsins, Sigurbjargar Árnadóttur, tóku Magnús Skúlason, forstöðumaður Húsfriðunarnefndar ríkisins og Guðmundur Lúther Hafsteinsson, arkitekt þátt í ráðstefnunni. Æ síðan hefur samstarf við norræn grasrótarfélög á sviði strandmenningar verið mjög öflugt og gott. Auk ráðstefnunnar í Noregi hefur félagið verið samstarfsaðili að norrænni ráðstefnu á Álandseyjum og staðið fyrir norrænni ráðstefnu sem haldin var í Stykkishólmi 2006 og ráðstefnu á Hótel sögu haustið 2007 í samstarfi við forkólfa íslenskrar ferðaþjónustu.

## Íslenska vitafélagið –félag um íslenska strandmenningu

Á aðalfundi félagsins 2009 var ákveðið að undirstrika enn frekar að félagið legði áherslu á alla þætti strandmenningar og þess vegna fékk félagið heitið Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu.

## Spegill fortíðar – silfur framtíðar

Frá haustinu 2008 hefur félagið staðið fyrir fræðslukvöldum um íslenska strandmenningu í samstarfi við Víkina - Sjóminjasafn í Reykjavík. Eitt kvöld í hverjum vetrarmánuði hafa sérfróðir einstaklingar frætt fundargesti um margbreytileik strandmenningarinnar um tónlist, handverk, sjóskrimslí, fjörugróður, bátasmiði, æðarækt, kvótakerfið og mannlíf við sjávarsíðuna svo fátt eitt sé nefnt. Auk þessa hefur félagið staðið fyrir málþingi/ráðstefnu á landsbyggðinni á vordögum. Nú þegar hafa slíkir dagar verið haldnir á Akureyri, Norðfirði, Húsavík, Grindavík og Ísafirði og stefnan er tekin á Akranes 11. maí 2013.

## Norrænar strandmenningarhátíðir

Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu átti hugmyndina og frumkvæðið norrænu strandmenningarhátíðunum. Sú fyrsta var haldin 2011 á Húsavík undir heitinu Sail Húsavík. Eftir þá hátíð var ákveðið að hátíðirnar beri heitið Nordisk kustkultur/Norræn strandmenning. Árið 2012 var hátíðin haldin í Ebeltoft í Danmörku, 2013 verður hún í Karlskrona í Svíþjóð, 2014 í Osló og svo koll af kolli. [www.nordiskustkultur.net](http://www.nordiskustkultur.net)

Verndum strandmenninguna með nýtingu og nýsköpun

**VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN**



## HRINGFERÐ HÚNA II

Laugardaginn 11 maí ýtir eikarbáturinn Húni II úr vör á Akureyri og heldur í hringferð um landið með viðkomu á 14 stöðum. Á Húsavík er gert ráð fyrir að Knörrin bætist með í för. Tílefni ferðarinnar er að halda uppá að 50 ár eru liðin frá sjósetningu bátsins. Húni II er 130 tonna eikarbátur, smíðaður í skipasmíðastöð KEA á Akureyri árið 1963. Báturinn er nú sá eini sinnar tegundar sem eftir er óbreyttur. Á viðkomustöðum bátsins verður fólki boðið að skoða bátinn og í Reykjavík verður efnt til dagskrár við Víkina-sjóminjasafn í samstarfi við borgarbúa.

Þetta verður ekki eina ferð Húna II í sumar því júlí mun tónlistarmaðurinn Mugison sigla með honum einn hring í hljótleikaferð um landið. Skoðið ferðaáætun og fylgist með ferð Húna á [www.huni.muna.is](http://www.huni.muna.is)



## VOR Á AKRANESI

Laugardaginn 11. maí ætlar Íslenska vítafélagið-félag um íslenska strandmenningu að fagna vorinu á Akranesi ásamt heimamönnum og öðrum sem áhuga hafa og jafnframt ætlar félagið að fagna tíu ára afmæli sínu. Dagskráin hefst klukkan tíu í Byggðarsafninu og lýkur klukkan tvö í Akranesvitanum þar sem boðið verður upp á tónleika, ljósmynda- og myndlistasýningu ásamt upplestri. Klukkan tvö hefst svo aðalfundur félagsins.



## NORRÆN STRANDMENNINGARHÁTÍÐ Í KARLSKRONA

Þriðja norræna strandmenningarhátíðin verður að þessu sinni í Karlskrona í Svíþjóð 2-3 júlí. Þátttakendur á vegum Íslenska vítafélagsins eru tuttugu. Síldarsöltunarhópur Síldarminjasafnsins á Siglufirði sem mun salta síld og færa hátíðargestum síldarstemmingu síldveiðiaranna ásamt því að kynna safnið og aðra strandmenningu. Hópur handverksfólks úr Eyjafirði og Akureyri mun kynna gamalt handverk; þrjóna sjóvettlinga, spinna á rokk og snældu, kemma ull og fleira og fyrirlesarar halda kynningu á fiskveiðum og strandmenningu.

Fylgist með á [www.nordiskustkultur.net](http://www.nordiskustkultur.net)



## UM SELVEIÐI OG JAFNVÆGI Í NÁTTÚRUNNI

Hugleiðingar Jóhannesar Gíslasonar frá Skáleyjum

Selurinn var eins og búsmali og hann var á mínum uppvaxtarárum mest umtalaða afurðin. Skinnaverkun er vandasöm. Fólk er misverklagið. Markaðurinn bauð uppá ótæmandi möguleika til metnaðar og deilna um verð. Maturinn af selnum var hinsvegar vinsæll og óumdeildur jafnvel af ókunnugum. Maturinn var selsvið uppúr súr, kjötið saltað og saltað spik. Kannski voru aðeins sum börnin gráðug í það en aðrir vildu spikið í tíma og ótíma sem viðbit við rúgbrauð, harðfisk, siginn fisk og o.fl.

Ég ólst upp við að meira en nóg var til af selnum og á hann var litið sem hversdagsmat umfram nauðsynjar og lítill spandall að víkja hinum og þessum sel í nokkrar soðningar. Flestir þáðu með þökkum, þó voru þeir til sem vildu ekki og höfðu hvekkst á illa verkuðum sel annarsstaðar. Ég komst líka að því á fullorðinsárum að hann er mjög auðskemmdur og dugur ekkert kæruleysi við verkun hans.

Ég lærði í æsku vísu sem maður kvað er hann var inntur eftir hvað verið hefði á borðum þar sem hann gisti.

Hann kvað: "Selur þrjár og súldaður  
Sótugur fúll og þefslæmur,  
morkinn, úldinn, myglaður,  
mannaskíti líkastur".



Svo gerðist það á úthallandi síðustu öld að minnkaði nýting á þessum mat. Fæðuframboð til mannelis þá fjölbreyttara en fyrr. Fólk sem að vann farið að fækka. Selurinn veiddur áfram vegna skinnanna, en matnum í síauknum mæli skilað í sjóinn aftur. Ýmsar hrættur, misvinsælar, hafa þá gert sér að góðu.

Marflær, krabba o.fl. fundu menn að gagnlegt var að fóðra. Þekkt var að bera niður selúrgang, leggja síðan haukalóð yfir, einhverjum vikum seinna og fá þar lúðu.

Og þróunin heldur áfram. Næst gerðist það, að náttúruunnendur fóru að vinna gegn selveiði undir merkjum mannúðar. Þeim tókst að telja heiminn á að hætta að kaupa selafurðir með svo góðum árangri að lífsbjörginni var kipt undan selveiðipjóðum, sem frægt varð.

Ég hefi reyndar alltaf grun um að bakvið þennan málfutning hafi verið hagsmunir einhvers annars iðnaðar sem þurft hafi að ryðja keppinautum úr vegi. Selskinnaverð féll. Nýting þessa hefðbundna gagns lagðist af. Skyldi selnum þá ekki hafa fjölgað með ósköpum? Það mætti ætla. Lítum á!

Á sama tíma stórkjóst grásleppuveiði vegna hrognaverðs. Fína ríka fólkíð sem vildi hafa sinn kavíar var nú komið í þrot með hráefni til hans. Til þess eða í staðinn hentuðu grásleppuhrogn. Grásleppuveiðar stórkjóst. Netin til þeirra veiddu ungselinn svo framt að nokkrum árum seinna var breiðfirski landselsstofninn hruninn. Og svo er enn, að þar sem lagt er fyrir kópinn á þann gamla hefðbundna máta, sem gildi um áratugi eða hundruð í látrum hans, verður veiðin mögulega 10% þess sem þá var. Hrunið verður víðar en í bönkum fyrir tilverknað mannsins.

Vafalaust hafa fleiri þættir en grásleppuveiðar valdið þessu hruni. Einn þeirra þátta fullyrði ég, var sá að hefðbundna nýtingin lagðist af. Meðan hún gildi var stofninn í jafnvægi. Þá var á þessum sama tíma herjað á stofninn með skotvopnum. Því ollu hagsmunir fiskiðnaðar. Lög um selaskyrtteri voru brotin og látið afskiptalaust.

Til samanburðar við þessa reynslu sem hér er lýst vil ég spyrja: Hvernig færi ef hætt væri að smala fénu og slátra af stofninum? Mundi fénu þá fjölga endalaust? Yrði það gott fyrir landið? Svari því hver sem hann hefur skynsemina til. Dæmi um þannig búskap eru til, þekkt og ekki gömul. Um grasnytjar og varp er hægt að tala saman, svo vel tengjast hagsmunir þessara tveggja greina. Ég segi varp, það er yfirgripsmikið orð. Mófuglar allir eru á sama tíma og æðarfuglinn sem er aðalmálið. Rétt er að tempra eftir fongum umgang grasbita um varplönd á varptíma. En í annan tíma eru þeir nauðsynlegir. Land sem ekki er beitt verður óaðgengilegra fugli til varps. Þess eru dæmi, en ég tek fram að dæmi eru einnig um hið gagnstæða svo fulla von á ég á að þessi orð mín verði gagnrýnd.

Fullyrða má þó að þar sem sinubeðjan er orðin með ósköpum er landið óaðgengilegra mönnum til varphirðingar.

Náttúran hefur ætlað grasi og grasbitum samstarf. Mjög hefur þetta farið úr skorðum og jafnvægi raskast í seinni tíð. Land hefur spillt af vanbeit. Vá er boðið heim í síauknum mæli. Sinueldar seinni ára eru dæmi þar um. Mjög er talað um ofbeit. Hún er til, en með þeim öfgum um hana fjallað að fjöldinn heldur að hún sé ríkjandi meira en er. Það er von. Stjórnmalastefna búsetu- og þjóðfélagsþróun

